

21 Þeir, sem höfðu á hendi veitingasölu eða gistihúshald 1. jan. 1926, mega 15. júní halda atvinnunni áfram, en ráðherra úrskurðar, hversu fer um þá, sem byrja þá atvinnu á fyrra helmingi ársins 1926.

Frá sama tíma eru úr lögum numin 10. gr. tilsk. 17. nóv. 1786, að því leyti sem þar segir um gistihúshald, og lög nr. 12, 22. okt. 1912, svo og önnur lög, er fara í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

22
15. júní

LÖG

um

innflutningsbann á dýrum o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur í hvert sinn.

2. gr.

Frá löndum eða landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna um stundarsakir allan innflutning á lifandi fuglum, heyi, hálmi, alidýra-áburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, ósoðinni mjólk, brákuðum fóður.

injlössekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi
geti borist með.

22
15. júní

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skip-
stjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann,
og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglu-
stjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til út-
landa, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1.
gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða,
er af þeim dýrum hlýst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt
reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje,
og viðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

23
15. júní

um

bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Vestmanna-
eyjakaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti, sem það verður ekki